

Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Skóla- og frístundaráð leggur til að skýrsla stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs verði send til umsagnar helstu hagsmunaaðila, s.s. foreldraráða og foreldrafélaga leikskóla Reykjavíkurborgar, Félags stjórnenda leikskóla, Félags leikskólakennara, Sameykis, Eflingar, Samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Jafnframt verði opið umsagnarferli. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að setja í gang vinnu við að móta áætlun um forgangsröðun og innleiðingu tillagna sem fram koma í skýrslu um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Óskað er eftir endanlegu fjárhagsmati á tillögunum og að áætlunin feli í sér tímasetta áfanga. Innleiðingaráætlun verði lögð fyrir skóla- og frístundaráð eigi síðar en 22. júní 2021.